

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður ses.

Ársreikningur

2012



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Yfirlit yfir afkomu ársins 2012	4
Efnahagsreikningur 31. desember 2012	5
Sjóðstreymi ársins 2012	6
Skýringar	7 - 11

Stjórn VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses.:

Ágústa Hlín Gústafsdóttir, formaður
Gylfi Arnbjörnsson, varaformaður
Elín Björg Jónsdóttir, meðstjórnandi
Hannes G. Sigurðsson, meðstjórnandi
Inga Rún Ólafsdóttir, meðstjórnandi
Kristján Þórður Snæbjarnarson, meðstjórnandi
Sigurður Bessason, meðstjórnandi
Sólveig Pétursdóttir, meðstjórnandi
Stefán Einar Stefánsson, meðstjórnandi
Vilhjálmur Egilsson, meðstjórnandi
Þóra Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi
Þórður Á. Hjaltsted, meðstjórnandi
Þórey Þórðardóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Vigdís Jónsdóttir

Kjörinn endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Hlutverk VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

Starfsemin hefur verið í uppbyggingu og þróun á árinu 2012 en skipulögð þjónusta ráðgjafa hjá stéttarfélagunum hófst á haustmánuðum 2009 og hefur síðan þá verið í stöðugum vexti. Útgjöld sjóðsins jukust talsvert á árinu 2012 og áætlað er að starfsemin muni vaxa verulega á árinu 2013 m.a. með auknu samstarfi við lífeyrissjóði og opinbera aðila. Nánari upplýsingar um starfsemina og árangur hennar er að finna í skýrslu framkvæmdastjóra í Ársriti VIRK árið 2013.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam afkoma sjóðsins 410,9 millj.kr. á árinu. Varasjóður í lok árs var jákvæður um 1.513,8 millj.kr. en var um 1.102,9 millj.kr. í byrjun árs. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins og rekstur hans á liðnu ári.

Stöðugildi hjá félaginu voru ríflega 15 og launagreiðslur félagsins námu um 105,9 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á fyrra ári voru 12 og launagreiðslur félagsins námu um 74,1 millj.kr. á árinu 2011.

Um mitt ár 2012 voru útgjöld og tekjur komin í jafnvægi en þá var til staðar mikil óvissa um afgreiðslu laga um starfsemi sjóðsins og því gat sjóðurinn ekki lagt í skuldbindingar varðandi útgjöld og þjónustu fyrir örorkulífeyrisþega lífeyrissjóðanna og fleiri hópa fyrr en ljóst væri hvert yrdi hlutverk hans og tekjur til framtíðar með gildistöku laganna. Eftir gildistöku þeirra hófst undirbúningur aukinnar starfsemi í samstarfi við lífeyrissjóðina og hið opinbera og er sú vinna í fullum gangi. Lífeyrissjóðirnir hófu greiðslur til VIRK í október 2012 en þjónustan við skjólstaðinga þeirra er ennþá í uppbyggingu. Á þessum tíma safnast því upp varasjóður en reiknað er með að betra jafnvægi verði milli tekna og gjalda í rekstri sjóðsins upp úr miðju ári 2013.

Það er ekki hlutverk eða markmið VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs að safna fjármunum í sjóði en hann mun þó þurfa varasjóð sem nemur um 6–12 mánaða veltu til að geta ávallt staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Í starfsemi sem hér um ræðir koma tekjur hraðar inn en útgjöld í upphafi starfsemi og því hefur orðið til varasjóður sem mætir þessari þörf. Samkvæmt þessum lögum skal einnig endurskoða framlög til sjóðsins fyrir lok árs 2014 og til grundvallar þeirri endurskoðun skal meðal annars liggja heildarúttekt óháðrar nefndar sérfræðinga sem ráðherra skipar.

Stjórn VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. mars 2013

Stjórn:

Agasta H. Guðmundsdóttir
Tingadís Jónsdóttir
Krisþján Þóris Snobjarnsson
Pera Hallgrímsdóttir
Þóris H. Hjörtur
P. E. P.

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2012, efnahag hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 14. mars 2013

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Yfirlit yfir afkomu ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Iðgjöld			
Iðgjöld		1.179.107.025	715.738.690
Iðgjöld		<u>1.179.107.025</u>	<u>715.738.690</u>
Starfsendurhæfing			
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar		625.533.606	472.131.671
Starfsendurhæfing		<u>625.533.606</u>	<u>472.131.671</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og tengd gjöld	3	136.347.043	96.334.360
Annar rekstrarkostnaður		54.950.087	58.747.373
Rekstrarkostnaður		<u>191.297.130</u>	<u>155.081.733</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		362.276.289	88.525.286
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur	5	53.674.035	47.091.302
Sedil- og þjónustugjöld	6	(132.495)	(76.488)
Fjármagnstekjuskattur	6	(4.958.575)	(5.416.262)
		<u>48.582.965</u>	<u>41.598.552</u>
Afkoma ársins		<u>410.859.254</u>	<u>130.123.838</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

Eignir

	Skýr.	2012	2011
Fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	8	158.376.003	250.320.833
Verðbréf með föstum tekjum	9	870.408.081	452.492.836
Innlánsreikningar	1	224.193.638	0
		<u>1.252.977.722</u>	<u>702.813.669</u>
Aðrar eignir:			
Óinnheimt iðgjöld	7	262.056.398	70.601.443
Bankainnstæður		65.427.529	408.970.681
		<u>327.483.927</u>	<u>479.572.124</u>
		<u>1.580.461.649</u>	<u>1.182.385.793</u>
	Eignir alls		

Eigið fé og skuldir

Stofnfé		1.500.000	1.500.000
Varasjóður		1.513.794.014	1.102.934.760
	Eigið fé	<u>1.515.294.014</u>	<u>1.104.434.760</u>
Ýmsar skammtímaskuldir	11	65.167.635	77.951.033
	Skuldir alls	<u>65.167.635</u>	<u>77.951.033</u>
	Skuldir og eigið fé alls	<u>1.580.461.649</u>	<u>1.182.385.793</u>

Sjóðstreymi ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins		410.859.254	130.123.838
		<u>410.859.254</u>	<u>130.123.838</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)		(191.454.955)	(19.079.582)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		(12.783.398)	49.126.972
		<u>(204.238.353)</u>	<u>30.047.390</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>206.620.901</u>	<u>160.171.228</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Verðbréf, lækkun (hækkun)		(550.164.053)	(447.980.327)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(550.164.053)</u>	<u>(447.980.327)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(343.543.152)	(287.809.099)
Handbært fé í ársbyrjun		408.970.681	696.779.780
Handbært fé í árslok		<u>65.427.529</u>	<u>408.970.681</u>

Skýringar

1. Starfsemi

VIRK mótar, samþættir og hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

Ný fjárfestingarstefna var samþykkt af stjórn sjóðsins á árinu og var samningur gerður við VÍB – Eignastýringu Íslandsbanka og Landsbanka um eignastýringu á fjármunum VIRK á grundvelli stefnunnar.

Í árslok voru 1.253 millj.kr. í eignastýringu. Í efnahagsreikningi eru söfnin greind niður á viðeigandi eignir.

2. Reikningsskilaaðferðir

Lögfesting iðgjalda

Um starfsemi VIRK – Starfsendurhæfingarsjóð gilda lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Þar er kveðið á um greiðsluskyldu atvinnurekenda í sjóðinn sem nemur 0,13% af heildarlaunum starfsmanna. Þessa fjárhæð ber lífeyrissjóðum að innheimta og skila til VIRK. Einnig er þar kveðið á um greiðsluskyldu lífeyrissjóða í sjóðinn frá og með 1. október 2012 og nema þær greiðslur sömu fjárhæð og lífeyrissjóðirnir innheimta af atvinnurekendum.

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

Samanburðartölur fyrra árs

Þar sem nauðsynlegt var talið, hefur samanburðartölum verið breytt til samræmis við breytta framsetningu á rekstrarárinu.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir er færðir í yfirliti yfir afkomu ársins á því tímabili sem þeir falla til.

Skráning innkomu

Iðgjöld eru færð til tekna í yfirliti yfir afkomu ársins þegar greiðsla berst sjóðnum, en við áramót eru þau iðgjöld sem greidd hafa verið á fyrstu vikum eftir lok rekstrartímabils bókuð til tekna.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skattamál

Sjóðurinn er ekki tekjuskattsskyldur lögaðili og skattar því hvorki reiknaðir né gjaldfærðir í uppgjöri.

Fjárfestingarverðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutabréf, hlutdeildaskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins.

Verðbréf með föstum tekjum eru skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiða hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtavíðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Skuldabréf með víðmiðun við hlutabréfavistölur eru hins vegar færð á markaðsvirði.

Óinnheimt iðgjöld og mótframlög

Óinnheimt iðgjöld og mótframlög eru færð að nafnvirði.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir eru færðar á nafnvirði.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Laun og launatengd gjöld

3. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2012	2011
Laun, bifreiðastyrkir og dagpeningar	111.364.606	77.752.719
Lífeyrissjóðsgjöld	10.387.373	7.085.687
Önnur launatengd gjöld	11.203.661	8.519.415
Annar starfsmannakostnaður	3.391.403	2.976.539
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>136.347.043</u>	<u>96.334.360</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	15	12
Launagreiðslur til stjórnenda sjóðsins:		
Framkvæmdastjóri	12.608.400	11.903.500

Stjórnarmenn fá ekki greitt fyrir stjórnarsetu.

Útgöld vegna starfsendurhæfingar

4. Útgjöld vegna starfsendurhæfingar greinast þannig:	2012	2011
Þjónusta og aðstöðugjald vegna ráðgjafa	287.547.469	231.657.147
Sérfræðiþjónusta og matsteymi	50.749.443	18.027.007
Úrræði	287.236.694	222.447.517
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar samtals	<u>625.533.606</u>	<u>472.131.671</u>

Stöðugildi ráðgjafa í lok árs 2012 voru 34 en þau voru 29 í lok árs 2011. Fjöldi ráðgjafa á vegum sjóðsins í árslok 2012 voru 36 en í árslok 2011 voru þeir 34.

Um 30 sérfræðingar voru í sérhæfðum matsteymum í lok árs 2012 en vinnuframlag þeirra var mjög mismunandi. Um er að ræða aðkeypta þjónustu sjálfstæðra verktaka í þessum teymum.

Fjöldi einstaklinga sem nutu þjónustu í lok árs 2012 voru um 1.400. Á árinu 2012 komu 1.239 einstaklingar nýir inn í þjónustu en þeir voru 1.305 á árinu 2011.

Fjármunatekjur

5. Fjármunatekjur greinast þannig:	2012	2011
Vaxtatekjur	24.364.367	27.093.060
Vextir	(5.155)	(37.206)
Vaxtatekjur fjárvörslu	27.246.824	17.952.014
Vaxtatekjur v/innheimtu lífeyrissjóða	2.067.999	2.083.434
	<u>53.674.035</u>	<u>47.091.302</u>

Fjármagnsgjöld

6. Fjármunagjöld greinast þannig:	2012	2011
Þjónustugjöld	61.326	15.659
Þjónustugjöld Visa/Euro	14.434	15.200
Seðilgjöld reikninga	56.735	45.629
	<u>132.495</u>	<u>76.488</u>
Gjaldfærður fjármagnstekjuskattur	4.958.575	5.416.262

Óinnheimt iðgjöld

7. Óinnheimt iðgjöld sundurliðast þannig:	2012	2011
Óinnheimt iðgjöld atvinnurekenda	107.251.683	70.601.443
Óinnheimt mótframlag lífeyrissjóða	154.804.715	0
	<u>262.056.398</u>	<u>70.601.443</u>

Verðbréf með breytilegum tekjum

8. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	2012	2011
Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum	2.959.200	0
Hlutabréfasjóðir	50.617.033	0
Peningamarkaðssjóðir	104.799.770	250.320.833
	<u>158.376.003</u>	<u>250.320.833</u>

Verðbréf með föstum tekjum

9. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:	2012	2011
Íbúðabréf	18.564.541	0
Ríkisskuldabréf	67.440.257	25.126.325
Ríkisskuldabréfasjóðir	722.392.173	427.366.511
	<u>808.396.971</u>	<u>452.492.836</u>
Skuldabréf sveitarfélaga	38.036.213	0
Skuldabréf lánastofnana	10.943.755	0
Skuldabréfasjóðir	13.031.142	0
	<u>62.011.110</u>	<u>0</u>
Verðbréf með föstum tekjum alls	<u>870.408.081</u>	<u>452.492.836</u>

Eigið fé

10. Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Flutt frá fyrra ári	1.500.000	1.102.934.760	1.104.434.760
Afkoma ársins		410.859.254	410.859.254
	<u>1.500.000</u>	<u>1.513.794.014</u>	<u>1.515.294.014</u>

Ýmsar skammtímaskuldir

11. Ýmsar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:	2012	2011
Lánardrotnar	45.703.634	31.913.790
Ógreiddir styrkir	13.896.469	41.325.000
Ógreidd laun	0	15.877
Ógreiddur lífeyrissjóður	1.518.226	1.246.846
Ógreidd sjóðagjöld	222.143	191.794
Ógreidd staðgreiðsla	2.933.499	2.452.489
Ógreitt annað vegna starfsfólks	33.000	28.000
Ógreitt tryggingargjald	860.664	777.237
	<u>65.167.635</u>	<u>77.951.033</u>